

Gullin í grenndinni

Þróunarverkefni Leikskólans Álfheima og Vallaskóla Selfossi
2012 - 2014



Anna Gína Aagestad
Leikskólinn Álfheimar Selfossi
17 desember 2014

Gullin í grenndinni

Þróunarverkefni Leikskólans Álfheima og Vallskóla Selfossi

2012 - 2014

Skýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Leikskólinn Álfheimar og Vallskóli Selfossi

Nafn verkefnisins: Gullin í grenndinni

Verkefnisstjórar: Anna Gína Aagestad verkefnastjóri útikennslu við leikskólann Álfheima.
Ólafur Oddsson uppeldisráðgjafi og verkefnisstjóri Lesið í skóginn.

Tengiliðir Vallaskóla: Guðrún Eylín Magnúsdóttir, Guðrún María Sæmundsdóttir.

Samstarfsaðilar: Umhverfiseild Árborgar, Suðurlandskógar og Skógræktarfélag Selfoss.

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: No. 19.2012 -2013. Verkefni hlaut styrk árið 2012

Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins er að kortleggja skóginn sem nemendur leikskólans Álfheima hafa notað til útináms. Aðalmarkmið verkefnisins er að nemendur beggja skóla hafi kynnst, lært og upplifað náttúruna á fróðlegan og skemmtilegan hátt og skólastigin hafi myndað tengsl sín á milli í gegnum verkefnið.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Verkefnið fékk nafnið Gullin í grenndinni og eru samstarfsaðilar verkefnisins Umhverfiseild Árbogar, Suðurlandskógar og Skógræktarfélag Selfoss. Á vorönn 2012 hófst undirbúningur verkefnisins. Þá funduðu samstarfsaðilar, fræðslustjóri Árbogar, skólastjórar beggja skóla og verkefnastjórar um hvernig best yrði staðið að verkefninu og í hverju þátttaka samstarfsaðila fælist. Haustið 2012 hófst verkefnið og skólaárið 2012 – 2013 voru þátttakendur tveir elstu árgangar leikskólans Álfheima og þrír 1. bekkir og einn 5. bekkur Vallaskóla. Skólaárið 2013 – 2014 voru þátttakendur tveir elstu árgangar leikskólans Álfheima, 1. bekkur, 2. bekkur og 6 bekkur Vallaskóla. Skólaárið 2014 – 2015 eru þátttakendur tveir elstu árgangar leikskólans Álfheima, 1.2.3.4. og 7. bekkur Vallaskóla. Það bætist einn bekkur á ári við þátttakendur frá Vallaskóla og munu því allar bekkjardeildir Vallaskóla verða þátttakendur í verkefninu að lokum. Nemendur leikskólans Álfheima hitta nemendur í 1. bekk Vallaskóla en innan Vallaskóla hittast nemendur þvert á bekkjardeildir. Tveir verkefnastjórar hafa yfirumsjón með verkefninu, skipulagningu, framkvæmd og námskeiðshaldi. En skipulagning ferðanna er í umsjá verkefnastjóra frá Leikskólanum Álfheimum og tveggja verkefnastjóra frá Vallaskóla. Þeir hittast einu sinni í mánuði og skipuleggja ferðirnar.

Allir þátttakendur fara í grenndarskóginn einu sinni í mánuði og á hver hópur sitt svæði í skóginum. Skóginum var gefið nafnið Vinaskógur og var það nafn valið eftir að allir nemendur sem taka þátt í verkefninu fengu að koma með tillögur að nafni. Nefnd innan Vallaskóla las úr öllum tillögum og var nafnið Vinaskógur fyrir valinu. Þegar skóginum var gefið nafn hittust allir þátttakendur í Vallaskóla og gerðu sér glaðan dag.

Nemendur Vallaskóla hitta nemendur Álfheima við leikskólann og saman leiðast þeir út í skóg, þ.e.a.s. grunnskólanemi leiðir leikskólanema. Þegar í skóginn er komið er nemendum skipt í fjóra hópa. Hóparnir kynna sig og kennarinn segir frá verkefni dagsins. Nemendur leysa verkefnið og síðan er frjáls leikur. Áður en haldið er af stað í skólann fá nemendur skógarsafa. Verkefni nemenda hafa verið fjölbreytt. Þau hafa tálgað, mælt sverasta tréð, gert fóðurkúlur og rólur fyrir fugla, týnt köngla og ræktað úr fræjum þeirra, fengið heimsókn frá eldri borgurum í bæjarfélaginu sem hafa frætt þau um tilurð skógarins svo eitthvað sé nefnt.



Vinir á leið í Vinaskóg

Frávik miðað við áætlun verkefnisins og helstu hindranir

Í upphafi verkefnis kom sú umræða upp að bjóða öllum leik- og grunnskólum á Selfossi þátttöku í verkefninu og einnig Fjölbrautarskóla Suðurlands. Tveir leikskólar og Sunnulækjarskóli tóku þátt annað árið en verkefnið náði ekki að festast í sessi.

Verkefnastjórar voru með kynningu í Fjölbrautarskóla Suðurlands í haust og vonandi verður hann með í verkefninu næsta skólaár.

Haustið 2013 var opnuð heimasíða verkefnisins. Með tilkomu heimasíðunnar breyttist grunnhugmynd verkefnisins. Upphaflega átti að kortleggja grenndarskógin en nú spannar verkefnið allt nærumhverfið og má þar nefna sögu, menningu, náttúru, náttúrumynjar og , atvinnuhætti á Selfossi. Hlutverk heimasíðunnar er að hún verði gagnagrunnur fyrir þá sem hafa áhuga á því að kynna sér sögu Selfoss. Verkefnastjóri hefur verið að sjá um heimasíðuna en hugmyndin er sú að nemendur Vallaskóla sjái um hana og er verið að leita lausna á því. Eitt að markmiðum verkefnisins var að kortleggja skógin og setja upp upplýsingaskilti. Það má segja að heimasíðan er vísir að kortlagningu skógarins en þar má finna allar upplýsingar um verkefni nemenda í skóginum. Í vetur hafa eldri bekkir Vallaskóla verið að safna upplýsingum um náttúrumynjar í skóginum og að þeirri rannsókn lokinni verður sett upp upplýsingaskilti. Nú er verið að undirbúa grenndarsamning milli samstarfsaðila og þátttakenda og markmiðið með honum er að samstarfsaðilar geti aðstoðað þátttakendur í kortlagningu skógarins og að koma upp efnisbanka og aðtöðu í skóginum.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Helsti ávinningur verkefnisins er að nemendur hafa tengst vinaböndum þvert á skólastigin og milli bekkjardeilda í skólanum. Þessi vinatengsl hafa myndast við leik og störf í náttúrlegu umhverfi þar sem nemendur hafa í sameiningu lært að þekkja, skilja og virða náttúruna og sitt nánasta umhverfi með því að upplifa og rannsaka

Kennarar beggja skólastiga hafa kynnst starfsaðferðum hvors annars og hafa samskiptin milli skólanna aukist eftir að verkefnið hóf göngu sína.

Samstarfsaðilar verkefnisins hafa sýnt verkefninu mikinn stuðning og hafa verið með fræðslu á námskeiðum sem haldin hafa verið fyrir kennara sem taka þátt í verkefninu. Einnig hafa þeir komið og aðstoðað nemendur við verkefni í skóginum.



Formaður skógræktarfélagss Selfoss aðstoðar nemendur við flutning furutrjáa.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Gullin í grenndinni hefur nú þegar sannað sig í skólastarfinu en með þátttöku í verkefninu hafa nemendur fengið að kynnst nýjum námsaðferðum og fengið tækifæri til þess að tengja námssvið aðalnámskrár leik- og grunnskóla út í náttúruna og samfélagið. Nemendur hafa öðlast þekkingu með því að gera og taka þátt, vinna saman í hóp og í sameiningu fundið lausnir á þeim verkefnum sem þau hafa leyst. Einnig hafa myndast vinatengsl milli nemenda sem hefur áhrif á skólasamfélagið í heild sinni. Kennarar beggja skólastiga hafa miðlað þekkingu sinni og fundið leiðir til þess að koma verkefninu fyrir í dagskipulagi skólanna. Verkefnið hefur leitt til þess að samskipti og samvinna milli skólanna hefur aukist til muna.

Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Gullin í grenndinni hefur haft áhrif á skólastarfið. Þeir nemendur sem hófu þátttöku í byrjun verkefnisins hafa nú tekið þátt í því á þriðja ár. Þannig að þátttaka þeirra er orðin að föstum liði í skólastarfinu. Með hverju árinu fjölgar bæði nemendum og kennurum sem taka þátt og öðlast reynslu í því að skipuleggja og fræðast um nærsamfélagið með því að afla upplýsinga og vinna verkefni í hóp úti í náttúrunni.



Nemendur Vallaskóla í ratleik sem tengist sögu skógarins

Niðurstöður verkefnisins

Leikskólinn Álheimar hefur verið með skipulagðar ferðir út í náttúruna síðan 2002 og er rík hefð fyrir útikennslu í leikskólanum. Þessi reynsla hefur komið sér vel í þróun og skipulagningu verkefnisins. Starfsfólk leikskólans hefur mikla reynslu af skógarferðum og annar verkefnastjóri grunnskólans er leik- og grunnskólakennari og vann á leikskólanum Álheimum til margra ára sem hefur auðveldað þróun verkefnisins.

Í aðalnámskrám leik- og grunnskóla er lögð áhersla á að kennarar beggja skólastiga kynni sér nám og starfsaðferðir hvers annars og að þeir leiti leiða til að móta samstarf og skapa samfellu í námi barna og hafa það að leiðarljósi að auka stjálstraust nemenda og styðja við nám þeirra. Kennarar beggja skólastiga hafa haft það að leiðarljósi að hafa verkefnaval fjölbreytt og að verkefni komi inn á öll námsvið skólanna. Sveigjanleiki hefur verið einkennandi í samstarfinu og eru kennarar beggja skólastiga meðvitaðir um það hve mikilvægt það er að auka samstarf og samfellu milli skólastiganna. Með tilkomu Gullanna í grenndinni hafa nemendur myndað tengsl þvert á skólastigin sem og þvert á bekkjardeildir. Þau hafa kynnst, lært og upplifað náttúruna saman í leik og starfi sem hefur stuðlað að lýðræðislegum vinnubrögðum. Nemendur hafa myndað vinatengsl og eflt samkennd sín á milli sem birtist í hjálpsemi eldri nemenda við þá yngri og aðstoð í lausn verkefna.

Leikskólanemendur hafa miðlað reynslu sinni og vitneskju af skógarferðum til eldri nemenda. Það er öryggi fyrir nemendur leikskólans sem eru að stíga sín fyrstu spor inn í grunnskólann að sjá kunnuleg andlit bæði eldri nemenda og kennara. Einnig er gott fyrir nemanda á yngsta stigi að eiga góðan vin á miðstigi.

Mikil áhersla er lögð á sjálfbærni í námskrám beggja skólastiga. Verkefni hafa komið inn á sjálfbærnimenntun nemenda má þar nefna fluttning furu- og reynitrijaá sem hafa sáð sér og áttu takmarkaða vaxtarmöguleika á þeim stað sem þau uxu, á annan stað þar sem vaxtarskilyrði eru betri. Einnig hafa nemendur tálgað ýmsa hluti úr efnivið sem hefur fallið til

í skóginum. Nemendur hafa lært að nýta sér skóginn sem auðlind og eru meðvitaðir um gildi, viðhorf, og tilfinningar sínar gagnvart náttúru og umhverfi og hafa einnig fengið tækifæri til að þekkja, skilja og virða náttúruna með því að upplifa og reyna.

Verkefnið mun halda áfram milli skólanna og bætist einn bekkur á ári við þátttakendur frá Vallaskóla. Verkefnin verða fjölbreyttari eftir því sem nemendur verða eldri og munu spanna allt nærsamfélagið. Það er von okkar sem stöndum að verkefninu að fleiri skólar á Selfossi muni koma að því í framtíðinni.



Niðursokknir nemendur að tálga.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið hefur verið kynnt á fjölbreyttum vettvangi, hér fyrir neðan má sjá þær kynningar sem verkefnið hefur fengið:

- Heimasíða Gullin í grenndinni <http://gullin.arborg.is/>
- Heimasíða Vallaskóla <http://www.vallaskoli.is/>
- Heimasíða Árborgar <http://www.arborg.is/>
- Stóri leikskóladagurinn í Reykjavík 23 maí 2014. Verkefnið var kynnt á fyrirlestri í Iðnó og einnig var kynningarbás í Ráðhúsi Reykjavíkur.
- Komdu og skoðaðu í kistuna mína. Samtök áhugafólks um skólaþróun hélt ráðstefnu í Smáraskóla þann 14. ágúst 2014.
- Kynning í Leikskólanum Jötunheimum fyrir fræðsluvið Reykjanesbæjar 24 október 2014.
- Kynning fyrir kennara Fjölbrotaskóla Suðurlands 8. október 2014.
- Dagskráin fréttablað Suðurlands

<http://www.dfs.is/frettir/4664-gullin-i-grenndinni-ny-heimasiea-a-selfossi>

<http://www.dfs.is/menning/3478-gullin-i-grenndinni>

- Verkefnið var kynnt fyrir eftirfarandi leikskólum og aðilum sem komu í heimsókn. Kerhólsskóla, leikskólinn Hulduheimar, leikskólinn Krókur Grindavík, leikskólinn Blásalir, leikskólinn Kirkjugerði Vestmannaeyjum, Leikskólastjórar í Reykjavík

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Hefðir hafa skapast við þróun verkefnisins og má þar nefna vorhátíð Gullanna í grenndinni. Þá hittast allir þátttakendur og gera sér glaðan dag í skóginum. Nemendum er skipt í hópa og síðan er farið í gegnum mismunandi stöðvar, má þar nefna myndlistarstöð, tónlistarstöð, vísindastöð, útiildun, þrautabraut svo eitthvað sé nefnt. Vorið 2014 voru þátttakendur 200 talsins. Einnig eru farnar jólaferðir í skóginn, þá er hitað kakó yfir eldi, gengið í kringum jólatré og eldri bekkir Vallaskóla koma og lesa fyrir nemendur Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum. 2. – 7. bekkur fer í vasaljósiferð, dansar í kringum jólatré og fær kakó og piparkökur. Einnig hittast nemendur við hátíðleg tækifæri og má nefna þegar skógurinn fékk nafnið Vinaskógur og þegar heimasíðan var opnuð.



Nemendur í 7. bekk lesa jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum

Haldin hafa verið tvö námskeið fyrir kennara sem taka þátt í verkefninu. Námskeiðin hafa farið fram í skóginum og kynntust þátttakendur fjölbreyttum kennsluaðferðum úti í náttúrunni má þar nefna fræ og fræsöfnun, viðarnytjar í nærumhverfi, samþættingu námsgreina í útinámi. Einnig lærðu þátttakendur að kljúfa við, kynntust undirstöðuatriðum í skógarhirðu og fuglafræðingur fræddi þátttakendur um fugla og fóðrun þeirra. Gerð var könnun meðal þátttakenda hvernig námskeiðin nýttust þeim og voru allir þátttakendur sammála um að allir þættir námskeiðanna hefðu nýst þeim vel og hægt sé að nýta reynsluna í verkefnavinnu með nemendum.